

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. maí 2010 02-2010041108
T-ums 42/10


Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila - 570. mál.


Ríkisskattstjóri hefur þann 28. apríl 2010 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila - 570. mál.

Frumvarpinu er ætlað að búa rannsókn efnahags- og viðskiptaráðherra um fjárhagsstöðu heimila umgjörð. Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu ýmissa „lögaðila“ til að afhenda upplýsingar. Fram kemur í 2. tölul. 1. mgr. greinarinnar að ríkisskattstjóra sé skylt að afhenda upplýsingar um tekjur og eignir einstaklinga sem talið hafa fram til skatts hér á landi.

Fulltrúi ríkisskattstjóra átti fund með höfundi frumvarpsins og fulltrúa frá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu þar sem farið var yfir tilurð og efni frumvarpsins. Það er sameiginlegur skilningur þeirra sem þann fund sátu að afhending gagna verði með sambærilegum hætti og þegar Seðlabanka Íslands voru afhent gögn vegna þeirrar rannsóknar sem bankinn lét framkvæma um fjárhagsstöðu heimilanna. Ríkisskattstjóri telur nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á 3. gr. frumvarpsins þannig að skýrt verði tekið fram að gögnin verði ekki afhent ódulkóðuð og að þannig sé ekki verið að brjóta gegn ákvæði 117. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þá telur embættið eðlilegt að skýrt komi fram hver eigi að bera þann kostnað sem af gagnavinnsulunum hlýst

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þorðarson


Guðrún J. Jónsdóttir